

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 3/2019.

Reykjavík, 22.01.2019

2019010327

Efni: Innköllun á Blomsterbergs citronfromage vegna ómerktra ofnæmis- og ópolsvalda

Krónan ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Blomsterbergs citronfromage**, vegna ómerktra ofnæmis- og ópolsvalda (möndlur og hnetur). Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Blomsterbergs

Vöruheiti: Blomsterbergs citronfromage, 116 g

Strikanúmer: 5420047405739

Nettómagn: 116 g.

Lotunúmer: Öll lotunúmer.

Best fyrir: Allar dagsetningar.

Framleiðandi: Food N Joy SA

Framleiðsluland: Belgía.

Innflytjandi: Krónan ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir Krónunnar um land allt.

Hnetur, þ.m.t. heslihnetur, og afurðir úr þeim eru á lista yfir ofnæmis- eða ópolsvalda. Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir hnetum og afurðum úr þeim.

Viðskiptavinir sem keypt hafa umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir hnetum eða möndlum og afurðum úr þeim eru hvattir til að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í þeirri verslun þar sem hún var keypt.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Júlíusson hjá Krónunni ehf., olijul@kronan.is.

